

52. Fundur bæjarráðs Blönduósþéjar þriðjudaginn 3. apríl 2012, kl. 13:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárasón setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir
 - a) Samband íslenskra sveitarfélaga 16. mars 2012
 - b) SSVN frá 19. mars 2012
 2. Bréf frá innanríkisráðuneytinu frá 21. mars 2012
 3. Bréf frá Leið ehf. dags. 29. mars 2012
 4. Bréf frá Húsafríðunarnefnd frá 14. mars 2012
 5. Aðalfundarboð Tækifæris hf.
 6. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir
 - a) Samband íslenskra sveitarfélaga 16. mars 2012
Lögð fram til kynningar
 - b) SSVN frá 19. mars 2012
Á fundinum var lögð fram Samantekt tillagna SSVN vegna fundar með fulltrúum ríkisstjórnar Íslands þann 20. mars 2012.
Lögð fram til kynningar
2. Bréf frá innanríkisráðuneytinu frá 21. mars 2012
Fyrir fundinn liggur fyrir skilagrein og tillögur nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Hinn 14. mars 2011 skipaði innanríkisráðherra nefnd sem hafði því hlutverki að gegna að vinna að frekari eflingu sveitarstjórnarstigsins. Nefndin hefur fjallað um stöðu verkefna sem miða að því að efla sveitarstjórnarstigið og hafa verið í vinnslu á vettvangi stjórnvalda og Sambands íslenskra sveitarfélaga og stuðst við stefnumörkun ríkisins og sambandsins.
Lagt fram til kynningar.
3. Bréf frá Leið ehf. dags. 29. mars 2012
Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara erindinu.
Lagt fram til kynningar.

4. Bréf frá Húsafriðunarnefnd frá 14.mars 2012

Húsafriðunarnefnd hefur ákveðið að veita styrk að upphæð kr. 100.000 til endurbóta á Hillebrandtshús, Blöndubýggð 2, Blönduósi.

Bæjarráð fagnar styrkveitingunni.

5. Aðalfundarboð Tækifæris hf.

Aðalfundur Tækifæris hf. verður haldinn mánudaginn 16. apríl n.k. kl. 11:00.

6. Önnur mál

Miklar umræður urðu um atvinnumál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 15:40

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Hörður Ríkharðsson(sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)